

Tillaga til þingsályktunar

um dánaraðstoð.

Flm.: Bryndís Haraldsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Jón Steindór Valdimarsson,
Kolbeinn Óttarsson Proppé, Silja Dögg Gunnarsdóttir,
Björn Leví Gunnarsson, Guðjón S. Brjánnson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að taka saman upplýsingar um dánaraðstoð og þróun lagaramma um hana þar sem hún er leyfð, sem og tíðni, ástæður og skilyrði dánaraðstoðar og hver reynslan hefur verið.

Einnig verði athugað hvort í löndum sem ekki leyfa dánaraðstoð, einkum Norðurlöndum, Þýskalandi og Kanada, er opinber umræða um málið eða unnið að lagabreytingum.

Loks verði gerð skoðanakönnun meðal heilbrigðisstarfsmanna um afstöðu þeirra til dánaraðstoðar, annars vegar hvort starfsmenn telji dánaraðstoð vera réttlæt看lega í ákveðnum tilfellum og hins vegar hvort þeir væru tilbúnir að verða við slíkri ósk að uppfylltum skilyrðum og að því gefnu að það samræmdist íslenskum lögum.

Upplýsingum verði skilað í formi skýrslu fyrir lok febrúar 2019.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 146. löggjafarþingi (399. mál) og á 148. löggjafarþingi (91. mál).

Á síðustu árum hefur reglulega komið upp umræða í íslensku samfélagi um dánaraðstoð, líknardráp eða sjálfsvíg með aðstoð. Ljóst er að umgjörð um þetta viðkvæma mál er mismunandi eftir löndum.

Dánaraðstoð er þýðing á gríska orðinu *evþanasía* (góður dauði/að deyja með reisn) sem merkir að binda enda á líf af ásetningi til þess að leysa viðkomandi undan óbærilegum sársauka eða þjáningum. Í nóvember 2015 lét Siðmennt gera könnun á lífsskoðunum og trú Íslendinga. Ein spurninga í könnuninni var: „Ertu hlyntur eða andvígur því að einstaklingur geti fengið aðstoð við að binda enda á líf sitt ef hann er haldinn ólæknandi sjúkdómi (líknandi dauði)?“ 74,9% aðspurðra voru mjög eða frekar hlynt því, 18% voru hvorki né en 7,1% mjög eða frekar andvíg.

Árið 1997 birtist grein í Læknablaðinu þar sem fjallað var um rannsókn á afstöðu heilbrigðisstarfsfólks til siðfræðilegra álitamála um takmörkun meðferðar við lífslok. Í umræddri rannsókn var ein af spurningunum um dánaraðstoð eða líknardráp eins og það var kallað í rannsókninni. Aðeins 5% lækna og 9% hjúkrunarfræðinga töldu líknardráp réttlæt看legt undir einhverjum kringumstæðum en einungis 2% svarenda gátu hugsað sér að verða við slíkri ósk. Árið 2010 þegar sambærileg könnun var gerð var niðurstaðan sú að líknardráp þótti réttlæt看legt hjá 18% lækna og 20% hjúkrunarfræðinga en aðeins 3% vildu verða við slíkri ósk.

Í janúar 2017 voru stofnuð samtökin Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð. Í kjölfar stofnunar samtakanna, svo og skoðanakönnunar Siðmenntar sem hér er vísað til, spruttu upp umræður

í samfélaginu um málefnið. Flutningsmenn þessarar tillögu telja að forsenda þess að umræðan geti þroskast og verið málefnaleg sé að fyrir liggi upplýsingar um stöðu þessara mála í öðrum löndum, svo og um afstöðu heilbrigðisstarfsfólks. Mikilvægt er að stjórnvöld safni þeim upplýsingum saman og setji fram á skýran og hlutlausan hátt.

Tillaga þessi felur ekki í sér afstöðu til þess hvort ástæða sé til að breyta lögum hérlendis. Tilgangurinn er að treysta grundvöll nauðsynlegrar umræðu um viðkvæmt mál.